



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 19. febrúar 2019

USK2018030060

6.6.0

Innkauparáð

Varðar útboð nr. 13574 – Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Reykjavík 2015-2018.

Tilboð í ofangreint útboð voru opnuð 14. september 2015 og voru útboðin opin og til þriggja ára. Tilboð bárust frá tveimur aðilum og voru þau svohljóðandi:

Garðlist ehf.	kr.	71.962.291
Íslenska gámafélagið ehf.	kr.	149.007.900
Kostnaðaráætlun	kr.	61.582.050

Þann 16. október 2015 var undirritaður samningur á milli Skrifstofu reksturs og umhirðu (SRU) annars vegar og Garðlistar ehf. hins vegar, um vetrarþjónustu göngu- og hjólaleiða í Reykjavík til þriggja ára.

Grein 0.1.6 í útboðsgögnum segir: „*Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um tvö ár, eitt ár í senn*“.

SRU og Garðlist ehf. hafa samþykkt sín á milli að framlengja samning um eitt ár, enda gerir SRU ekki ráð fyrir því að ná betri verðum með útboðsferli. Um er að ræða seinni framlengingu.

Undirritaður leggur til að samið verði við Garðlist ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Virðingarfyllst,

Hjalti Jóhannes Guðmundsson,
skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins